


Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. janúar 2014
Tilvísun: UST20131200175/bs

Aukin afköst fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 27. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að auka afkastagetu núverandi verksmiðju úr 850 tonnum hráefnis á sólarhring í 1150 tn/24klst. eða um 300 tn/24klst.


Loft frá gufuþurrkara og vinnsluferlum verður óbreytt. Loftræsting verksmiðjuhúss verður óbreytt. Mesta framleiðsla á lýsi eykst frá 150 tonnum/24klst. í 200 tonn/24klst. Allt frárennsli frá gólfum og yfirfall af vinnslutönkum safnast í geymslutank og fer gegnum fitugildru áður en því er dælt til sjávar og lýsistankar eru umkringdir lekapró lögum samkvæmt.

Hér er um að ræða nýja verksmiðju sem tekin var í notkun árið 2012. Fram kemur í greinargerð að losun frá verksmiðjunni muni ekki aukast frá því sem nú er hvorki í loft né í frárennsli. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að losun verksmiðjunnar verði í samræmi við þau mörk sem sett verða í starfsleyfi.

Með vísan til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar á Vopnafirði muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur